

Fundargerð 971. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 28. febrúar kl. 11:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Helga María Pálsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2024 - 2501004SA

Lagður fram ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024, sbr. 7. tölulið fundargerðar 963. fundar stjórnar Sambandsins. Undir þessum lið sat Lilja D. Karlsdóttir, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. í febrúar 2025, og áritaði jafnframt reikninginn stafrænt sem óháður endurskoðandi Sambandsins.

Stjórn Sambandsins staðfesti ársreikning Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024 með stafrænni undirritun sinni.

2. Ársreikningur Bakhjarls Sambandsins 2024 - 2501005SA

Lagður fram ársreikningur Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023, sbr. 8. tölulið fundargerðar 963. fundar stjórnar Sambandsins. Undir þessum lið sat Lilja D. Karlsdóttir, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. í febrúar 2025, og áritaði jafnframt reikninginn stafrænt sem óháður endurskoðandi Sambandsins.

Stjórn Sambandsins staðfesti ársreikning Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024 með stafrænni undirritun sinni.

3. Kjarasamningar - 2406015SA

Formaður samninganefndar gerði grein fyrir stöðu kjarasamningsviðræðna sem og samkomulagi við Kennarasamband Íslands. Aðalhogfræðingur og framkvæmdastjóri Sambandsins gerði einnig grein fyrir viðræðum við ríkið.

Fundi var slitið kl. 12:00